



# Landbúnaðartrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. ED40

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ED40.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framur frá vikanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

#### A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður og meðvátryggðir
2. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
3. Brot á varúðarreglum
4. Greiðsla iðgjalds
5. Endurgreiðsla iðgjalds
6. Eigendaskipti
7. Tvítrygging

#### B. Lausafjártrygging

8. Vátryggðir hagsmunir
9. Vátryggingin gildir
10. Bótasvið
11. Samsömun
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Vátryggingarverðmæti
14. Eigin áhætta
15. Ákvörðun bóta vegna búfjár og fódurs
16. Ákvörðun bóta vegna áhalda og tækja
17. Fyrning

#### C. Rekstrarstöðvunartrygging

18. Vátryggingin gildir
19. Bótasvið
20. Samsömun
21. Vátryggingarfjárhæð
22. Ákvörðun bóta
23. Fyrning

#### D. Ábyrgðartrygging bænda

24. Vátryggingin gildir
25. Ábyrgðartími
26. Bótasvið
27. Varúðarreglur
28. Áhættubreyting
29. Vátryggingarfjárhæð
30. Eigin áhætta
31. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
32. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
33. Staða tjónþola við tjón
34. Meðferð bótakrafna
35. Fyrning

Landbúnaðartryggingin er ætluð bændum sem leggja stund á hefðbundnar búgreinar. Sérhæfðan búrekstur verður að vátryggja sérstaklega, s.s. loðdýra-, yl-, alifugla-, garð- og svínarékt.

### A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B, C og D kafla skilmála þessara.

#### 1. Vátryggður og meðvátryggðir

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 1.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu vátryggða eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 2. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 2.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 2.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 2.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

#### 3. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 4. Greiðsla iðgjalds

- 4.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 4.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



## 5. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda vátryggingarfjárhæð.

## 6. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinu vátryggða fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu, þetta á þó ekki við um búfé.

## 7. Tvítrygging

- 7.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 7.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 7.1. skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## B. Lausafjártrygging

### 8. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til:

- 8.1 Búfjár, heyja og annars fóðurs, samkvæmt upplýsingum úr forðagæsluskýrslum.
- 8.2 Áhalda og tækja búsins sem tilheyra hefðbundinni búfjárrækt, að vélknúnum ökutækjum undanskildum.

### 9. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 10. Bótasvið

### 10.1 Eldsvoði

*Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða vegna:*

- 10.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

*Vátryggingin bætir ekki tjón:*

- 10.1.2 Á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.
- 10.1.3 Á raftækjum eða rafeindatækjum er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu, spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.

Varúðarregla:

Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

### 10.2 Óveður

*Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða:*

- 10.2.1 Af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta þess húss sem hið vátryggða er geymt í. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.

*Vátryggingin bætir ekki:*

- 10.2.2 Óveðurstjón á hinu vátryggða sem er úti.

### 10.3 Raflost

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða búfé verði það fyrir raflosti og drepist.

### 10.4 Umferðaróhapp

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða búfé drepist það af völdum umferðaróhapps og tjónið fæst ekki bætt af tjónvaldi eða úr ábyrgðartryggingu viðkomandi ökutækis.

## 11. Samsömun

- 11.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða.
- 11.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs umsjónarmanns hins vátryggða.

## 12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Vátryggingarfjárhæð reiknast út frá heymagni og dýrafjölda samkvæmt forðagæsluskýrslum og viðmiðunarverði frá Bændasamtökum Ísland að viðbætti ákveðinni prósentu vegna áhalda og tækja.



12.2 Vátryggingarfjárhæðin breytist við endurnýjun.

### 13. Vátryggingarverðmæti

Þrátt fyrir 12. gr. eru bætur miðaðar við heildar vátryggingarverðmæti vátryggðra muna í eigu vátryggðs á tjónsdegi.

### 14. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 15. Ákvörðun bóta vegna búfjár og fóðurs

Bætur skulu miðaðar við viðmiðunarverð frá Bændasamtökum Íslands á tjónsdegi.

### 16. Ákvörðun bóta vegna áhalds og tækja

16.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

16.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

16.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

16.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.

16.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

### 17. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## C. Rekstrarstöðvunartygging

### 18. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 19. Bótasvið

19.1 Vátryggingin bætir framlegðartap sem vátryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á vátryggingartímabilinu og leiðir til samdráttar í kjötframleiðslu af völdum bruna.

19.2 Vátryggingin tekur einnig til óhjákvæmilegs aukakostnaðar sem vátryggður verður fyrir á bótatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að fjárhús eða kálfaeldishús vátryggðs verður ekki notað af völdum bruna.

19.3 Það er skilyrði bótaskyldu samkvæmt gr. 19.1 og 19.2 að tjón sem olli rekstrarstöðvuninni sé bótaskyldt úr Lausafjártryggingu ( B kafla ) Landbúnaðartryggingarinnar.

*Vátryggingin bætir ekki:*

19.4 Aukið framlegðartap sem hlýst af rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fjármagnsskorts, fyrirsmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.

19.5 Aukið rekstrartap sem hlýst af verkþætti og/eða verkfalli.

### 20. Samsömun

20.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða.

20.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs umsjónarmanns hins vátryggða.

### 21. Vátryggingarfjárhæð

21.1 Vátryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri brúttóveltú vátryggðs vegna kjötframleiðslu seinustu 12 mánuðina fyrir tjónsatburð.

21.2 Með brúttóveltú er átt við bókfærða sölu vegna kjötframleiðslu auk opinberra beingreiðslna sé um þær að ræða að frádrögnum virðisaukaskatti.

### 22. Ákvörðun bóta

22.1 Félagið greiðir bætur að hámarki í 24 mánuði en þó aldrei fyrir lengra tímabil en að kjötframleiðsla vátryggðs hafi náð framlegð eins og hún var á tjónsdegi.



- 22.1.1 Bætur úr vátryggingu þessari skerðast vegna eigin sakar vátryggðs í sama hlutfalli og bætur úr lausafjártryggingu (B kafla).
- 22.2 Vátryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin tekur til.
- 22.3 Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvellingum og samdráttur í kjötframleiðslu vátryggðs varð vegna tjónsatburðarins.
- 22.4 Ef útgjöld sparast á bótatímanum lækka bætur að sama skapi. Opinberir styrkir sem vátryggður kann að eiga rétt á koma einnig til lækkunar bóta.
- 22.5 Sé ekki fyrirhugað að hefja kjötframleiðslu vátryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en 24 mánuði. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað vátryggðs.
- 22.6 Hafi kjötframleiðslan stöðvast varanlega af orsökum sem vátryggður ræður ekki við greiðast bætur samkvæmt gr. 22.3, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en 24 mánuði.
- 22.7 Greiðsla aukakostnaðar er háð samþykki félagsins hverju sinni bæði hvað varðar fjárhæð og eðli útgjalda.

### 23. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

### D. Ábyrgðartrygging bænda

#### Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna

meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

### 24. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

### 25. Ábyrgðartími

- 25.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 25.2 Komi afleiðingar vátryggingaratburðar sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 25.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímabilinu.

### 26. Bótasvið

*Vátryggingin bætir:*

- 26.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

*Vátryggingin bætir ekki:*

- 26.2 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 26.3 Tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem:
- 26.4 Vátryggður á einn eða með öðrum.



- 26.5 Vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- 26.6 Vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
- 26.7 Tjón sem leiðir af skaðabótaábyrgð er fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips eða báts.
- 26.8 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 26.9 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 26.10 Tjón sem verður sökum mengunar lofta, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
- 26.11 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 26.12 Endurkröfu frá almannatryggingum.
- 26.13 Munatjón sem stafar af sprengingum, uppgreftri, aur- eða skriðuhlaupum, jarðsigi eða af því að stífla eða flóðgarður brestur.
- 26.14 Tjón vegna byggingarframkvæmda á fasteign sem vátryggður er eigandi að.
- 26.15 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:
- 26.15.1 Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.
- 26.15.2 Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra.
- 26.15.3 Eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað

tölva, hugbúnað eða sambætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

## 27. Varúðarreglur

- 27.1 Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.
- 27.2 Vátryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til að stjórna slíkum tækjum og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.
- 27.3 Áður en hafinn er gröftur í jörðu skulu vátryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.
- 27.4 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.

## 28. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu um allar breytingar á umfangi og eðli atvinnurekstrarins sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 29. Vátryggingarfjárhæð

- 29.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.
- 29.2 Verði vátryggður bótaskyldur vegna hluta sem hann hefur afhent takmarkast ábyrgð félagsins á hverju vátryggingartímabili einnig við fyrrgreinda vátryggingarfjárhæð. Þetta gildir þótt fleiri en eitt tjónsatvik verði á árinu.
- 29.3 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni.



29.4 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

### 30. Eigin áhætta

30.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endur-nýjunarkvittun.

30.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

### 31. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

31.1 Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

31.2 Bætur sem greiða ber af umsaminni atvinnuslysafyrirgöngu vátryggðs koma að fullu til frádráttar bótum úr ábyrgðartryggingu þessari. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysafyrirgöngu sé ekki fyrir hendi. Kaup sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða manni er orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá bótum úr ábyrgðartryggingu þessari.

### 32. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

32.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

32.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

32.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

32.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.

32.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

### 33. Staða tjónþola við tjón

33.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

33.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.

33.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

33.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 34. Meðferð bótakrafna

34.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

34.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

### 35. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 15. desember 2010.